

Umsögn

um athugasemdir sem bárust á kynningartíma áforma um friðlýsingu Blikastaðakróar og Leiruvogs á mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur

Í mars 2021 lagði Reykjavíkurborg það til við Umhverfisstofnun að Blikastaðakró yrði friðlýst. Í kjölfarið óskaði Mosfellsbær eftir aðkomu að málinu enda svæðið á mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Á fundi sveitarfélaganna með Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 10. maí var rætt um kosti þess að stækka svæðið og fella Leiruvog inn og að loknu samráði við nefndir sveitarfélagana og var sú tillaga kynnt sem áform um friðlýsingu í júlí 2021.

Samstarfshópin um friðlýsingu svæðisins skipa:

Þórólfur Jónsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Bjartur Steingrímsson, Michele Rebora og Tómas Guðberg Gíslason, fulltrúar Mosfellsbæjar.

Guðríður Þorvarðadóttir, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Davíð Örvar Hansson, Eva Sólan og René Biasone, fulltrúar Umhverfisstofnunar.

Áform um friðlýsingu Blikastaðakróar-Leiruvogs sem friðlands, sbr. 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, voru auglýst þann 12. júlí 2021, í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr., sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega. Auglýsing um áformin var birt í Lögbirtingarblaðinu, vefmiðli Morgunblaðsins www.mbl.is og á heimasíðu og facebooksíðu Umhverfisstofnunar, auk þess sem hagsmunaaðilum var sent bréf þar sem upplýst var um auglýsinguna, hvar hana var að finna og á hvaða tíma gafst tækifæri til að gera athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 10. ágúst 2021.

Alls bárust athugasemdir frá 10 aðilum á kynningartíma. Hér á eftir er gerð grein fyrir athugasemdum þeirra ásamt viðbrögðum samstarfshópsins:

Afmörkun svæðisins

Vegagerðin bendir á að Sundabraut er fyrirhuguð milli Grafarvogs og Álfsness um Geldinganes. Þess þurfi að gæta að mörk fyrirhugaðrar friðlýsingar séu utan fyrirhugaðs veghelgunarsvæðis. Óskað er eftir að samstarf verði haft um mörk friðlýsta svæðisins á áhrifasvæði Sundabrautar.

Flugklúbbur Mosfellsbæjar fagnar áformunum en bendir á að fyrirhuguð friðlýsing fari yfir athafnasvæði flugvallarins á Tungubökkum og óskar eftir því að afmörkun svæðisins verði breytt þannig að svonefnd neyðarbraut verði utan friðlýsingar. Meðfylgjandi erindinu var mynd sem sýnir afmörkun neyðarbrautarinnar.

Viðbrögð samstarfshópsins

Fulltrúar Umhverfisstofnunar í samstarfshópnum munu eiga samstarf og samráð við Vegagerðina og flugklúbb Mosfellsbæjar varðandi frekari útfærslu á afmörkun tillögunnar að friðlýsingu svæðisins.

Umferð um svæðið, útivist og fræðsla

Geir Sverrisson, Sigurjón Magnússon og Kayakklúbburinn bentu á að margskonar nýting ætti sér stað á hafsvæðinu sem um ræðir. Sérstaklega var tiltekin notkun svifvængja og kayaka og upplýst að kayakfólk sé með aðstöðu á eyðinu við Geldinganes. Fram kom það sjónarmið að friðlýsing og kayakiðkun geti vel farið saman. Einnig var vísað í friðlýsingu Skerjarfjarðar við Álftarnes sem nýlokið hefur kynningartíma en þar hafa möguleikar t.d. notenda svifvængja verið takmarkaðir og á það var bent að aðgengilegar fjörur eru ekki margar á höfuðborgarsvæðinu og því væri verulega þrengt að möguleikum til ástundunar vatnasports.

Viðbrögð samstarfshópsins

Samstarfshópurinn horfir til þess að friðlýsing og notkun hljóðlátra vatnatækja geti farið saman en mun taka til skoðunar áhrif vatnatækja. Í því skyni verður, við gerð tillögu að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið, m.a. leitað eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofu á því hvort að umferð hljóðlátra vatnatækja, s.s. kayaka, geti truflað fugla á viðkvæmum tíma.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun óskaði eftir afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands til þess hvort að umferð vatnatækja um svæðið hefði neikvæð áhrif á fuglalíf svæðisins.

Í svari NÍ, dags. 23.9.2021, kom fram að umferð kayaka hefði hingað til ekki verið með þeim hætti að væri til ama. Á fjörum þegar mest er um fugla þá séu kayakræðarar sömuleiðis ekki á ferðinni. Í ljósi þessa er ekki talin ástæða til að takmarka umferð kayaka um svæðið. Hvað varðar umferð annarra og hljóðmeiri vatnaleiktækja, s.s. sjókatta, er það mat NÍ að slík umferð sé lítt æskileg innan friðlanda fugla og að huga þurfi að því að takmarka hana, þ.e. a.m.k. leggja bann við henni yfir far- og varptíma fugla.

Í vinnu við gerð friðlýsingarskilmála fyrir svæðið verður tekið mið af framangreindu. Þá verður lagt upp með að nánar skuli fjallað um umferð vatnatækja í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Meningarminjar

Minjastofnun Íslands benti á að taka þurfi tillit til menningaminja vegna alls jarðrasks. Sérstaklega er bent á minjar um verslun og útræðis í svonefndu Gerði í landi Blikastaða.

Viðbrögð samstarfshópsins

Tekið verður tillit til þess að um menningarminjar fer skv. lögum nr. 80/2012 og verður sett ákvæði þess efnis í friðlýsingarskilmála fyrir svæðið.

Veiði og notkun skotvopna

Skotvís telur sjálfbærar veiðar ekki ógn við fjölbreytileika eða sjálfbærni svæðisins og því ætti ekki að setja strangari reglur en gilda í almennum reglum um veiði.

Viðbrögð samstarfshópsins

Um leið og tekið er undir það að ekki skuli setja strangari reglur en þörf er á, er á það bent að um er að ræða svæði á almannafæri í þéttbýli sem er mikilvægt fuglum. Við gerð skilmála fyrir svæðið ber því að taka tillit til þess að skv. 12. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg er meðferð skotvopna í þéttbýli og á almannafæri, bönnuð nema með sérstakri undanþágu sem

og að skv. 10. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eru veiðar óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs.

Annað

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar, Hafrannsóknastofnun, Landgræðslan og Náttúrufræðistofnun Íslands gera ekki athugasemdir við friðlýsingaráformin.

23.9.2021
UST202103-338/DÖH/EBSH
09.03